

Tilmæli 25/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1733/tillväxt
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um þingmannatillögu um að koma á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum

Landsbundnar ráðgjafarnefndir um stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að skoða hvernig skipulagi starfs að afnámi stjórnsýsluhindrana sé háttað í hverju landi fyrir sig, bæði hvað varðar upplýsingagjöf, greiningu stjórnvalda á hindrunum og vandamálum, miðlun upplýsinga til ráðuneyta og samræmingu á og lausn slíkra hindrana, bæði hindrana sem Stjórnsýsluhindranaráðið greinir og sem stjórnvöld og ráðuneyti landanna greina. Við endurskoðun á starfi landanna að afnámi stjórnsýsluhindrana mætti læra margt af starfi finnsku ráðgjafarnefndarinnar.

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs